

# HJARTAVERND



15. ÁRG. 2. TBL. 1978



# Hótel er heimili!

Hótel Esja og Hótel Loftleiðir, tvö stærstu heimili landsins.  
Heimilisfólkið eru allir gestir okkar.

Þeim veitum við vistleg húsakynni og vinalegt viðmót.  
Fjölbreytta þjónustu í mat og drykk. Allt eftir þörfum  
hvers og eins. Hvort heldur þú leitar gistingar  
eða færð þér málsverð. Ert þér til skemmtunar  
eða sækir ráðstefnu eða fund.  
Öll viljum við búa til gott heimili.



**HOTEL**  
**ESJA**

sími 8 22 00  
Suðurlandsbraut 2

**HOTEL**  
**LOFTLEIÐIR**

sími 22 3 22  
Reykjavíkurlflugvelli.

# HJARTAVERND



15. ÁRGANGUR  
2. TÖLUBLAÐ  
DESEMBER 1978

## EFNISYFIRLIT:

ÁRSSKÝRSLA RANNSÓKNAR- STÖÐVAR HJARTAVERNDAR	1
FRÉTTIR O. FL.	5
KRANSÆÐASJÚKDÓMAR Á ÍSLANDI. FRÁSÖGN AF RÁÐSTEFNU	7
AÐALFUNDUR HJARTAVERNDAR 1978	12
REYKINGAR OG HJARTA- OG ÆÐA- SJÚKDÓMAR. NIKULÁS SIGFÚSSON	14

KÁPA: AUGLÝSINGASTOFAN HF.  
GÍSLI B. BJÖRNSSON, LÁGMÚLA 5

SETNING, UMBROT, FILMUVINNA OG PRENTUN:  
SVANSPRENT HF.

ÚTGEFANDI: HJARTAVERND, LANDSSAMTÖK HJARTA- OG  
ÆÐAVERNDARFÉLAGA Á ÍSLANDI

RITSTJÓRN: SNORRI P. SNORRASON, NIKULÁS  
SIGFÚSSON OG STEFÁN JÚLIUSSON

AFGREIÐSLA BLAÐSINS: SKRIFSTOFA HJARTAVERNDAR,  
LÁGMÚLA 9, 3 HÆÐ - SÍMI 83755

## Ársskýrsla

Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar.  
Starfsárið 1/3 1977 - 28/2 1978.

*Nikulás Sigfússon yfirlæknir tók saman.  
Dreift á aðalfundi Hjartaverndar 29. júlí 1978.*

### Almennt yfirlit.

Í upphafi starfsársins var rannsóknarstöðin starfrækt með um það bil hálfum afköstum og hafði svo verið frá byrjun árs 1976. Boðaðir voru til stöðvarinnar um 15 gestir daglega í fyrri heimsókn og aðrir 15 í seinni heimsókn. Ellefu manns störfuðu á stöðinni, þar af 6 hálfan daginn.

Í september hafði fjárhagur nokkuð lagast þannig að fært þótti að auka starfsemina um sinn. Var þá ráðinn annar læknir, dr. Gunnar Sigurðsson sérfræðingur í lyflækningum og efnaskiptasjúkdómum, að stöðinni og var hann í fullu starfi til loka starfsársins. Einnig voru ráðnar hjúkrunarkona, meina-tæknir og tvær starfsstúlkur, allar í heilar stöður. Jafnframt var innköllun aukin í 25 gesti daglega í fyrri heimsókn og jafnmarga í seinni, og var svo út þetta starfsár.

Aðalverkefni stöðvarinnar var 3. áfangi hóp-rannsóknar kvenna á Reykjavíkursvæðinu. Þetta er jafnframt síðasti áfangi þessarar rannsóknar sem staðið hefur allt frá því stöðin tók til starfa haustið 1967.

Eins og skýrt var frá í síðustu ársskýrslu reyndist því miður óhjákvæmilegt að fækka þátttakendum í þessum áfanga um helming vegna hins erfiða fjárhags samtakanna.

Á starfsárinu voru rannsakaðar 2.364 konur í 3. áfanga kvennarannsóknar, en 1.638 einstaklingar samkvæmt tilvísunum lækna eða alls 4.002 einstaklingar.

Á starfsárinu var undirbúin og hafin rannsókn á Sauðárkróki og í Skagafjarðarsýslu. Til þeirrar rannsóknar er boðið öllu fólki á aldrinum 41-60 ára svo sem gert hefur verið í rannsóknum úti á landi.

Rannsóknaraðferðir hafa verið óbreyttar á árinu. Efnamælir í rannsóknarstofu er nú orðinn 11 ára og orðið brýnt að endurnýja þann tækjabúnað. Var

keypt ein efnamælingarás af gerðinni ChemLab, og hefur þessi mælir bætt úr brýnustu þörfinni.

Ennfremur er orðið mjög aðkallandi að endurnýja hluti úr röntgenvél.

Úrvinnslu gagna hefur verið haldið áfram á árinu. Fulllokið var tveimur ítarlegum heimildarskýrslum en þrjár aðrar eru á lokastigi. Auk þess hafa nokkrar styttri greinar verið birtar í lækna tímaritum. Allmargar skýrslur eru í vinnslu og tókst að fá nokkra unga lækna og félagsfræðinga til að taka að sér úrvinnslu á ýmsum verkefnum.

## *Rannsóknir á Reykjavíkursvæðinu.*

### *Þriðji áfangi kvennarannsóknar.*

Þriðji áfangi kvennarannsóknar á Reykjavíkursvæðinu hófst í jan. 1977 og höfðu 181 konur verið rannsakaðar er þetta starfsár hófst. Eins og getið var í síðustu ársskýrslu var sú ákvörðun tekin að rannsaka aðeins helming kvennahópsins vegna erfiðrar fjárhagsstöðu Hjartaverndar. Var ákveðið að bjóða til rannsóknar þeim konum er fæddar voru á oddatöludegi. Alls voru í þessum hóp um 4.300 konur. Á árinu voru rannsakaðar 2.362 konur. Áætlað er að þessum síðasta áfanga kvennarannsóknna ljúki næstkomandi haust.

Rannsóknaraðferðir í þessum áfanga kvennarannsóknar hafa verið þær sömu og í II. áfanga.

## *Rannsóknir utan Reykjavíkursvæðisins.*

### *Rannsókn á Sauðárkróki og í Skagafjarðarsýslu.*

Allengi hefur staðið til að rannsókn færi fram á Sauðárkróki og í Skagafjarðarsýslu. Var unnið að undirbúningi þessarar rannsóknar í samráði við Ólaf Sveinsson, yfirlækni á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki. Fyrir forgöngu hans tókst að koma upp rannsóknaraðstöðu á sjúkrahúsinu á Sauðárkróki og ráða nauðsynlegt starfsfólk. Tvær stúlkur, María Dagsdóttir hjúkrunarfræðingur og Sólrún Steindórsdóttir ritari, voru um skeið í þjálfun á Rannsóknarstöð Hjartaverndar í Reykjavík. Bjarni Jónasson og Uggi Agnarsson heilsugæslulæknar á Sauðárkróki tóku að sér að annast lækni skoðun.

Til þessarar lækni skoðunar er boðið öllum íbúum á Sauðárkróki og í Skagafjarðarsýslu á aldrinum 41 – 60 ára, alls 756 manns.

Rannsóknin hófst 23. febr. og er gert ráð fyrir að henni ljúki á 3-4 mánuðum.

## *Aðrar rannsóknir.*

### *1. Rannsókn á áhættuþáttum meðal ættingja kransæðasjúklinga.*

Á starfsárinu var hafin rannsókn á ættingjum fólks sem fengið hafði kransæðastíflu. Dr. Gunnar Sigurðsson læknir er forstöðumaður þessarar rannsóknar en samstarfsmenn hans eru lækarnir Gestur Þorgeirsson, Sigurður Guðmundsson og Björn Þórarinsson.

Í aðalatriðum fer rannsóknin þannig fram að nákomnir ættingjar um 100 sjúklinga er fengið hafa kransæðastíflu s.l. ár eru skráðir og boðin rannsókn á Rannsóknarstöð Hjartaverndar en skoðunin beinist að helstu áhættuþáttum hjarta- og æðasjúkdóma.

Vissar athuganir benda til að tíðni áhættuþátta kunni að vera meiri meðal nákominna ættingja kransæðasjúklinga en annarra en mikilvægt er að finna þá hópa í þjóðfélaginu sem hafa mesta áhættu í að fá hjarta- og æðasjúkdóma.

Þessi rannsókn hófst í byrjun nóvember og er gert ráð fyrir að henni ljúki um mitt sumar 1978.

### *2. Tilvísanir.*

Eins og undanfarin ár hefur verið rannsakað fólk samkvæmt tilvísunum lækna. Hefur þetta fólk verið rannsakað á sama hátt og þátttakendur í kerfisbundnu rannsókninni. Á árinu voru rannsakaðir 1.026 karlar og 528 konur samkvæmt tilvísunum eða alls 1.554. eru þetta nokkru fleiri en starfsárið 1976-77 (1.392).

Auk þess komu 84 einstaklingar í einstök próf eða athuganir.

Á efnarannsóknarstofu hafa verið gerðar mælingar á blóðfitu (kólesteról, þríglyseríð) í 1.579 blóðsýnum, sem send hafa verið frá ýmsum sjúkrahúsum í Reykjavík og úti á landi.

## *Samstarf við innlenda og erlenda aðila.*

### *1. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO).*

Haldið var áfram samstarfi við WHO á sviði rannsóknna á háþrýstingi sem lýst hefur verið í fyrri ársskýrslum. Þessar rannsóknir beinast að því að leita uppi fólk með háþrýsting á tilteknum svæðum og koma því í meðferð og meta síðan árangur þessara aðgerða að nokkrum árum liðnum.

Þessar rannsóknir eru nú á lokastigi. Gert er ráð fyrir að þeim ljúki á þessu ári í flestum þátttöku-löndum og stefnt er að því að niðurstöður geti birst 1980.

Um þessar mundir er Evrópudeild WHO að hefja viðtækur athuganir á möguleikum á samræmdum aðgerðum gegn hjarta- og æðasjúkdómum á vissum svæðum („Community control of cardiovascular diseases“) og mun fulltrúi WHO (Dr. G. Lamm, Regional Officer for Chronic Diseases) koma til Íslands í haust til að athuga möguleika á þátttöku okkar í þessum rannsóknum.

## 2. Gigt sjúkdómafélag ísl. lækna, Rannsóknarstofa Háskólans við Barónsstíg og Karolinska Institutet, Svíþjóð.

Ekki var unnið að neinum sérstökum rannsóknum á vegum þessara samstarfsaðila og Hjartaverndar. Námskeið var haldið fyrir lækna þar sem nokkrar niðurstöður á könnun á algengi liðeinkenna meðal Íslendinga voru kynntar.

## 3. Taugasjúkdómadeild Landspítalans.

Rannsókn þeirri á „skammvinnri heilablóðþurrð“ o.fl., sem lækarnir dr. Gunnar Guðmundsson og John Benedikz hafa staðið fyrir í samvinnu við Rannsóknarstöð Hjartaverndar lauk á árinu.

## Tafla I.

Fjöldi einstaklinga, sem rannsakaðir voru á starfs-árinu 1/3 1977 – 28/2 1978 eftir mánuðum.

Mánuður	3. áfangi hóprannsókn í Rvík.		Samkvæmt tilvísun lækna		Einstkl. í einstökum prófum	Aðsend blóðsýni
	karlar	konur	karlar	konur		
marz	161	91	64	9		152
apríl	108	76	35	2		96
maí	164	71	44	4		140
júní	120	58	41	4		124
júlí	-	-	-	-		-
ágúst	169	45	48	4		237
sept.	283	69	43	10		117
okt.	350	50	39	9		111
nóv.	352	84	35	24		193
des.	223	84	32	4		125
jan.	287	168	68	10		117
febr.	147	230	79	4		185
	2.364	1.026	528	84		1.597

## Starfsfólk á rannsóknarstofu Hjartaverndar í Reykjavík.

Nikulás Sigfússon yfirlæknir	1/1 daginn
Gunnar Sigurðsson læknir	1/1 daginn (tók til starfa 1/9)
Inga H. Búadóttir yfirhjúkrunark.	1/1 daginn
Þorsteinn Þorsteinsson, lífefnafr.	hluta úr degi
Guðrún S. Jóhannsdóttir	1/2 daginn
Pála Sveinsdóttir ranns.stúlka	1/1 daginn
Helga Helgadóttir meinatæknir	1/1 daginn
Linda Wendel meinatæknir	1/2 daginn
Edda Emilsdóttir meinatæknir	1/2 daginn (tók til starfa 1/5)
Jóhanna Svavarsdóttir meinatæknir	1/2 daginn (tók til starfa 15/4)
Helga Pétursdóttir mótt.ritari	1/1 daginn
Stefanía Kemp móttökust.	1/2 daginn
Sigrún Ísaksdóttir móttökust.	1/2 daginn

Ólöf Kristjánsdóttir meinatæknir	1/1 daginn (lét af störfum 3/4)
Elsa Jóhannsdóttir móttökust.	1/2 (30.8. - 28.2.'78)
Guðlaug Kröjer rannsóknarst.	1/2 (1.9. '77 - 28.2. '78)
Anna María Kristjánsd. hjúkruna	1/2 (15.9. '77 - 28.2. '78)
Unnur Baldvinsdóttir meinatæknir	1/2 (12.9. '77 - 28.2. '78)

Sigurður Samúelsson, próf., vann við klíniska skoðun tvisvar í viku, nema júnímánuð og 5. - 20. 9.

Björk Snorradóttir, meinatæknir og Kristín Bjarnadóttir meina-tæknir, unnu á rannsóknarstofu skemmri tíma vegna veikindaforfalla.

## Ráðgjafar.

Sigurður Samúelsson prófessor  
 Davíð Davíðsson prófessor  
 Guðmundur Björnsson yfirlæknir  
 Kristján Jónasson yfirlæknir  
 Örn Smári Arnalds yfirlæknir  
 Helgi Sigvaldason verkfræðingur  
 Snorri P. Snorrason yfirlæknir  
 Ottó J. Björnsson dósent tölfræðingur

## Starfsfólk á Rannsóknarstöð Hjartaverndar á Sauðárkróki.

Ólafur Sveinsson yfirlæknir (forstöðumaður)  
 Úggi Agnarsson læknir  
 Bjarni Jónasson læknir  
 María Dagsdóttir hjúkrunarkonur  
 Sólrún Steindórsdóttir ritari  
 Sigrún Skúladóttir sjúkraliði  
 Stefanía Sigfúsdóttir rannsóknarstúlka

## Skýrsla úrvinnslustjórnar.

Úrvinnslustjórn sér um úrvinnslu á gögnum varðandi Hóprannsókn Hjartaverndar og um frágang handrita, dreifingu á skýrslum og sérprentunum o.fl.

Stjórnin hefur unnið eftir markaðri stefnu sem áður hefur verið lýst ítarlega (sjá fyrri ársskýrslur) en í henni felst að taka fyrst til úrvinnslu mælingar og athuganir á frumstærðum og birta niðurstöður á ítarlegum heimildarskýrslum en síðan bera slíkar stærðir saman innbyrðis og tengja klíniskum niðurstöðum er leiða til sjúkdómsgreiningar.

Það er í verkahring úrvinnslustjórnar að úthluta verkefnum til úrvinnslu og fylgjast með að þau séu unnin í samræmi við stefnu úrvinnslustjórnar. Allmargir tóku að sér skýrslugerð á árinu og nokkrum verkefnum var lokið.

Eins og áður hefur þröngur fjárhagur háð mjög úrvinnslustafsemi.

Skýrslugerð í því formi sem úrvinnslustjórn telur nauðsynlega er mjög tímafrek og þyrfti að sinna sem fullu starfi ef vel ætti að vera. Hjartavernd hefur hins vegar haft mjög takmarkaða möguleika á að veita fjárhagslegan stuðning þeim aðilum er tekið hafa að sér úrvinnsluverkefni.

Úrvinnslustjórn kom saman 28 sinnum á árinu til að vinna að úrvinnslustörfum. Fyrri hluta ársins var einkum unnið við Skýrslu A IX og þeirri skýrslu lokið. Síðari hluta starfsársins var aðallega unnið við Skýrslu XV og þeirri skýrslu einnig lokið. Úrvinnslustjórn fylgdist einnig með og vann við ýmis önnur úrvinnsluverkefni sem í gangi eru. Verður hér gerð nokkuð nánari grein fyrir einstökum úrvinnsluverkefnum:

1. Lokið var frágangi á skýrslu um efnamælingar (bilirubin og alkalískan fosfatasa) – Report A IX. Þessari skýrslu ritstýrði Hörður Filippusson lífefnafræðingur.
2. Hörður Filippusson tók að sér aðra skýrslu um efnamælingar (se-kreatinin, þvagsýra, þvagrannsókn). Skýrsla þessi er nokkuð vel á veg komin. (Report A VII). Ákveðið hefur verið að H. F. semji útdrátt úr þessum tveim skýrslum til birtingar í læknaáttatímum.
3. Bjarni Torfason, cand. med., tók að sér að ritstýra skýrslu um líkamshæð, líkamsþyngd og þyngdarstuðul íslenskra karla. (Skýrsla A XV). Þessari skýrslu var lokið á árinu og er í fjölritun.
4. Helstu niðurstöður úr Skýrslu A XV auk nokkurra niðurstæðna um hæð og þyngd yngra fólks voru kynntar í erindi á þingi um Neysluvenjur og heilsufar 29. - 30. apríl í Reykjavík og síðar birtar í tímaritinu Hjartavernd.
5. Nikulás Sigfússon hefur unnið að skýrslu um niðurstöður blóðþrýstingsmælinga meðal íslenskra karla (Skýrsla A X). Þessari skýrslu var að mestu lokið á starfsárinu.
6. Ólafur Ólafsson landlæknir, Stefán Karlsson félagsfræðingur og Haukur Ólafsson félagsfræðingur unnu að tveim skýrslum um ýmis félagsfræðileg atriði úr fyrsta áfanga karlarannsóknar (Skýrsla A XVI og Skýrsla A XVII). Báðar þessar skýrslur voru á lokastigi. Landlæknisembættið hefur að verulegu leyti staðið undir kostnaði við þessar skýrslur.
7. Gissur Gottskálksson cand. med. tók að sér gerð skýrslu um blóðsykur og sykurþolspróf í öllum áföngum karlarannsóknar. Veruleg undirbúningsvinna hafði verið unnin í þessu verkefni í lok starfsársins.
8. Gunnar Sigurðsson læknir, Ásgeir Jónsson læknir og Þórður Harðarson læknir tóku að sér úrvinnslu á algengi og nýgengi hjartakveisu (angina pectoris) í A, B og C hóp karlarannsóknna (I., II. og III. áfangi).
9. Ólafur Steingrímsson læknir tók að sér gerð skýrslu um þvægfaersýkingu meðal kvenna í I. áfanga og II. áfanga hóprannsóknna í Reykjavík.
10. Hrafn Tulinius læknir og Nikulás Sigfússon læknir unnu að könnun á algengi og nýgengi krabbameins meðal fólks með háþrýsing og eðlilegan blóðþrýsting.
11. Gunnar Sigurðsson læknir hefur unnið að athugun á breytingum á blóðfitugildum í milli áfanga í Hóprannsókn Hjartaverndar.

Um útgáfustarfsemi, o.fl. visast að öðru leyti til skrár hér á eftir. Þess skal að lokum getið að Úrvinnslustjórn sótti um styrk til „Tékkasjóðs bankanna“ til útgáfu á Skýrslu A III, sem fylgir við „Acta Medica Scandinavica“.

Veitti „Tékkasjóður“ kr. 1.000.000.- til þessa verkefnis og nægði þessi upphæð fyrir útgáfukostnaði. Var skýrslan prentuð í 3.100 einstökum og verður henni væntanlega dreift með júníhefti tímaritsins.

Kann úrvinnslustjóri forsvarsmönnum „Tékkasjóðs“ þakkar fyrir þetta rausnarlega framlag.

### Úrvinnslustjórn:

Nikulás Sigfússon (formaður)  
Ottó S. Björnsson  
Davið Davíðsson  
Gunnar Sigurðsson

## Skýrslur, greinar og erindi lækna og ráðgjafa Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar:

Starfsárið 1. 3. 1977 - 28. 2. 1978.

### Skýrslur og greinar:

1. Ársskýrsla Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar starfsárið 1. 3. 1976 - 28. 2. 1977.
2. Skýrsla A XV. Líkamshæð, líkamsþyngd og þyngdarstuðull íslenskra karla á aldrinum 34-61 árs. Davið Davíðsson, Nikulás Sigfússon, Ottó J. Björnsson. Rannsóknarstöð Hjartaverndar, Reykjavík, 1978.
3. Tíu ára starfsemi Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar. Yfirlit um hóprannsóknir í Reykjavík og nágrenni og svæðisrannsóknir úti á landi. Stefán Júlíusson. Hjartavernd, 2 : 1 - 3, 1977.
4. Mataræði, kólesteról og kransæðasjúkdómar. Gunnar Sigurðsson. Hjartavernd, 2 : 4 - 7, 1977.
5. Quantification of the hepatic contribution to the catabolism of high density apolipoprotein (apo-HDL) in the rat. Gunnar Sigurðsson. Circulation, 55-56, suppl. III-4. (Erindi flutt á þingi American Heart Association í Florida í nóv. 1977.)
6. Holdafar. Bjarni Torfason. Hjartavernd, 2 : 9 - 15, 1977 (Erindi flutt á Ráðstefnu um neysluvenjur og heilsufar í Reykjavík 29.-30. apríl 1977).
7. Sjúkdómar í meltingafærum hjá Íslendingum. Bjarni Þjóðleifsson. Hjartavernd 2 : 17-21, 1977 (Erindi flutt á Ráðstefnu um neysluvenjur og heilsufar í Reykjavík 29.-30. apríl).
8. Rannsóknir Hjartaverndar. Nikulás Sigfússon. (Erindi flutt á Ráðstefnu um neysluvenjur og heilsufar í Reykjavík 29.-30. nóv. 1977). Hjartavernd, 2 : 3 23-31, 1977.
9. Æðakölkun og áhættuþættir. Gunnar Sigurðsson. Læknablaðið, 64 : 2, 65-82, 1978.
10. 118 íslenskir karlar 3-36 árum eftir magaskurð vegna ulcus pepticum. – Ýmis klínísk einkenni, líkamsþyngd, vinnugeta, blóðskortur, ost-omalacia, heildarmat og algengi magaskurðar á Íslandi. Ólafur Grímur Björnsson, Sigrún Helgadóttir, Guðmundur M. Jóhannsson, Davið Davíðsson. (Úrdráttur úr erindi fluttu á 3. þingi Félags íslenskra lyflækna, Höfn Hornafirði 3.-5. júní '77). Læknablaðið, 63 : 7-8. 176-177, 1977.
11. Hækkun blóðfitu íslenskra karla með breyttu mataræði. Ársæll Jónsson, Nikulás Sigfússon. (Úrdráttur úr erindi fluttu á 3. þingi Félags íslenskra lyflækna, Höfn Hornafirði, 3.-5. júní, 1977). Læknablaðið, 63 : 7-8, 178, 1977.

# Fulltrúi Alþjóðaheilbrigðismála- stofnunarinnar heimsækir Rannsóknarstöð Hjartaverndar

Dagana 14. - 18. september dvaldist hér á landi Dr. G. Lamm, sérfræðingur Evrópuæildar Alþjóðaheilbrigðismála-  
stofnunarinnar (World Health Organization - „WHO“) í langvinnnum sjúkdómum (Regional Officer, Chronic Diseases).

Kom Dr. Lamm hingað til að kynna sér starfsemi Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar en hóp-rannsóknir Hjartaverndar voru í upphafi skipulagðar í samráði við WHO. Einnig hefur Hjartavernd

um nokkurra ára skeið verið þátt-takandi í víðtækri rannsókn „WHO“ á háþrýstingi („Community Control of Hypertension“).

Átti dr. Lamm viðræður við for-mann Hjartaverndar, próf. Sigurð Samúelsson, og lækna og sérfræð-inga Rannsóknarstöðvar Hjarta-verndar. Einnig átti dr. Lamm fund með heilbrigðismálaráðherra Magn-úsi H. Magnússyni og sérfræðingum Landspítalans í Reykjavík á sviði hjartasjúkdóma og kynnti sér starf-  
semi hjartagjörgæsludeildar og

göngudeildar fyrir háþrýstings-sjúklinga.

Dr. Lamm veitti ýmsar ráðlegg-ingar um rannsóknarstarfsemi Hjartaverndar, m.m. með tilliti til stöðlunar mælingaaðferða.

Þar sem hóp-rannsókn Hjarta-verndar á Reykjavíkursvæðinu er nú senn lokið, taldi Dr. Lamm æski-legt að sérfræðingur WHO um hóp-rannsóknir kæmi hingað til lands til ráðagerða um framhald á rannsókn-um Hjartaverndar.

12. **Algengi og klínískt gildi xanthelesma palpabrarum meðal Íslendinga.** Ársæll Jónsson, Nikulás Sigfússon. (Úrdráttur úr erindi fluttu á 3. þingi Félags íslenskra lyflækna, Höfn Hornafirði, 3.-5. júní 1977. Læknablaðið, 63 : 7-8, 179, 1977.
13. **Rheumatoid factor and joint pain.** N. Sigfússon, O. J. Björnsson, O. Olafsson, E. Allander, J. Þorsteinsson. Læknablaðið, 3. fylgirit, 23-25, 1978.
14. **The prevalence and incidence of rheumatoid factor (Rf) among female population in Iceland.** A. Kolbeinsson, E. Allander, O. Björnsson, O. Olafsson, N. Sigfússon, J. Þorsteinsson. Læknablaðið, 3. fylgirit, 26-29, 1978.

## Erindi:

1. **A Follow-up population study of rheumatoid factor (Rf) and joint pain in a female population in Iceland.** A. Kolbeinsson, E. Allander, O. J. Björnsson, N. Sigfússon, J. Thorsteinsson. Erindi flutt á XIV International Congress of Rheumatology, San Fransisco, 26. júní - 1. júlí, 1977. (Ágrip í tíðindum þingsins).
2. **Liðverkir meðal Íslendinga.** Nikulás Sigfússon, Ottó J. Björnsson, Arinbjörn Kolbeinsson, Ólafur Ólafsson, Erik Allander. Erindi flutt á Námskeiði um gigtsjúkdóma á vegum Námskeiðs- og fræðslunefndar læknafélaganna og Gigtsjúkdómafélags íslenskra lækna 12.-15. sept. 1977, Reykjavík.
3. Sjá einnig lið 5, 6, 7, 8, 10, 11 og 12 að framan.

## Skrifstofa Hjartaverndar flutt í Lág múla 9

Í byrjun nóvember flutti skrifstofa Hjarta-verndar á 3. hæð í Lág múla 9. Skrifstofan hefur frá upphafi verið í Austurstræti 17, í sama húsnæði og skrifstofa framkvæmda-  
stjóra samtakanna, Jóhanns H. Nielssonar lögmans.

Öll starfsemi Hjartaverndar er nú flutt í Lág múla 9. Skrifstofan á 3. hæð annast öll viðskipti, greiðslur og innheimtu, sölu minningarkorta og hvers konar fyrirgreiðslu og afgreiðslustörf.

Ritstjórn og afgreiðsla tímaritsins Hjarta-verndar er á sama stað. Síminn er 83755.

Rannsóknarstöð Hjartaverndar er á 6. hæð í Lág múla 9 og ber að snúa sér beint til hennar með beiðnir um læknisrannsókn og pantanir á rannsóknartíma. Síminn þar er 82560.

HJARTAVERND 5

## SOJA- BAUNA- KJÖT

NUTANA PRO er sojakjöt (unnið úr sojaböunum). Það bragðast líkt og venjulegt kjöt en inniheldur minna af fitu og meira af eggjahvítu-efnum.




	Fita:	Kolvetni:	Eggja- hvítuefni:
NUTANA PRO	3%	38%	59%
Uxakjöt	74%	0%	26%
Svinakjöt	73%	0%	27%

Venjulegur málsverður (um 150 gr.) af kjöti samsvarar um 410 hitaeningum. Ef NUTANA PRO er notað í staðinn verður málsverðurinn aðeins 85 hitaeningar!

**Góð heilsa er gæfa hvers manns**

**FAXAFELB HF**

## Einu sinni AKRA



**og svo aftur og aftur**

AKRA smjörliki er ódyrt; harðnar ekki í isskáp, bráðnar ekki við stofuhita. Ekkert er betra á pönnuna, það sprautast ekki. Úrvals smjörliki í allan bakstur.

**SMJÖRLÍKISGERÐ AKUREYRAR HF.**



Læknaráðstefna um kransæðasjúkdóma á Íslandi laugardaginn 28. okt. 1978. Séð yfir aðalsalinn. Allmargir þátttakendur voru einnig í hliðarsal.


# Kransæðasjúkdómar á Íslandi

Laugardaginn 28. október 1978 var haldin í Domus Medica í Reykjavík læknaráðstefna um kransæðasjúkdóma á Íslandi. Rannsóknarstöð Hjartaverndar og lyffjæðildir Borgarspítala, Landsspítala og Landakotsspítala efndu til ráðstefnunnar en dr. Gunnar Sigurðsson læknir hafði forgöngu um skipulagningu hennar og undirbúning. Ráðstefnan var mjög fjölsótt og sýndu þátttakendur mikinn áhuga á málefnum. Þátttakendur voru að langmestu leyti læknar og læknanemar. Á dagskrá voru 8 erindi sem öll fjölluðu um mikilsverð atriði varðandi kransæðasjúkdóma, tíðni, orsakatengsl, sögulegar upplýsingar og framtíðarhorfur. Spurningar og umræður voru á eftir hverju erindi eins og tími vannst til. Stóð málþingið frá klukkan 9.30 til klukkan 16.30 með tveggja stunda matarhléi. Fundarstjóri fyrir hádegi var Magnús Karl Pétursson læknir og eftir hádegi Jóhann Ragnarsson læknir.

Hér á eftir verður leitast við að rekja meginkjarnann í þeim erindum sem flutt voru á ráðstefnunni og helstu niðurstöður.

## Brjóstverkir og hjartalínuritsbreytingar meðal miðaldra íslenskra karlmannna.

*Flytjandi: Ásgeir Jónsson læknir á Landakotsspítala.*



Ásgeir Jónsson

Ásgeir byggði erindi sitt á fyrsta áfanga hóprannsóknar Hjartaverndar árið 1968 sem náði til 2203 karlmannna fæddra árin 1907-1934, og þeim hluta þeirra sem komu til endurrannsóknar árið 1971, alls 1860 og árin 1974-1976 en þeir voru alls 1792. Hjartakveisa (angina pectoris) var greind eftir svörum þátttakenda við spurningalista og/eða eftir mati læknis með hliðsjón af hjartalínuritsbreytingum í hvíld eða við áreynslu. Árið 1968 höfðu 5,5% þátttakenda hjartakveisu, 5,9% árið 1971 og 5,6% árið 1975. Algengið, þ.e. tíðni hjartakveisu, fór vaxandi með aldri. Grunur um hjartakveisu er hjá 2,6-2,9% þeirra sem fæddir eru árið 1934 en 19,8 - 23,3% þeirra sem fæddir eru árið 1907. Af þeim hópi sem hafði hjartakveisu árið 1968 eru 30% enn með hjartakveisu árið 1971 og 22%

árið 1975. Af þeim þátttakendum í rannsókninni sem komu til skoðunar 1968 og aftur 1971 og 1975 höfðu 13,3% hjartakveisu í a.m.k. einni skoðun á þessu tímabili. Einnig var kannað algengi (tíðni) hjartalínuritsbreytinga. Af þátttakendum árið 1968 höfðu 0,7-2,0% breytingar sem bentu til þess að þeir hefðu fengið kransæðastíflu en önnur 4,2% höfðu línuritsbreytingar sem bentu til kransæðasjúkdóms án stíflu.

Þrefalt meiri líkur virðast á því að miðaldra karlar sem grunur leikur á um að hafi kransæðasjúkdóm (hjartakveisu og/eða hjartalínuritsbreytingar) fái kransæðastíflu innan 7-8 ára (þ.e. í fyrsta sinn) en þeir sem talið er að engin einkenni hafi um kransæðasjúkdóm.



Guðmundur Sigurðsson

## Brjóstverkir í starfi heimilis- og héraðslæknis.

*Flytjandi: Guðmundur Sigurðsson læknir á heilsugæslustöðinni á Egilsstöðum.*

Guðmundur greindi frá athugun sem gerð hafði verið í læknishéraði hans um tíðni sjúkdómstílfella á árinu 1977. Skráð voru samskipti læknis og sjúkrahúss annars vegar, og sjúklings hins vegar og sjúkdómur tilfærður. Í ljós kom að þessi samskipti við karla voru oft vegna brjóstverkja þótt ekki væri alltaf um

hjartasjúkdóm að ræða. Eigi að síður var algengast þegar vitjað var læknis vegna brjóstverks að orsökina væri hjartasjúkdómur. Þessar skipulögðu sjúkraskráningar eiga vafalaust eftir að hafa gildi í framtíðinni til að varpa ljósi á tíðni kransæðasjúkdóma úti á landsbyggðinni.


## Áhættuþættir fyrir kransæðadauðsföllum meðal miðaldra íslenskra karla.

*Flytjandi: Dr. Gunnar Sigurðsson læknir á Borgarspítala.*

Fyrirlesari hafði komist að eftirfarandi upplýsingum við athugun á skýrslum úr hóprannsókn Hjartaverndar: Af þeim 2203 körlum sem komu til rannsóknar árið 1968 höfðu 152 látist fyrir 1. desember 1977. Af þeim dóu 72 eða 47% af völdum kransæðasjúkdóms samskvæmt dánarvottorði. Þegar líkamseinkenni þessa hóps frá árinu 1968 voru athuguð kom í ljós að tíðni dauðsfalla af völdum kransæðasjúkdóms innan hópsins voru í réttu hlutfalli við eftirfarandi einkenni: a) hækkandi blóðþrýstingur b) blóðsykur, c) þriglyseríða í blóði, d) kólesteról í blóði og e) hjartalínuritsbreytingar. Tölfræðilegir útreikningar leiddu hins vegar í ljós að af þessum einkennum voru einungis hjartalínuritsbreytingar, blóðþrýstingur og kólesteról í blóði sjálfstæðir áhættuþættir (þ.e. óháðir öðrum þáttum) fyrir kransæða-

dauða. Tíðni kransæðadauðsfalla var rúmlega tvöföld meðal þeirra sem reyktu meira en einn vindlingapakka á dag saman borið við þá sem ekki reyktu. Niðurstöður rannsóknarinnar virðast benda til að meira en tvö af hverjum þremur kransæðadauðsföllum úr þessum hópi karla megi tengja þremur áhættuþáttum: a) háu kólesteróli í blóði, b) háum blóðþrýstingi, og c) miklum vindlingareykingum (meira en 1/2 pakka á dag). Af þessum þremur þáttum virtist hátt kólesteról vera algengasti þátturinn.


Niðurstöður voru mjög á sömu lund þegar athugaðar voru skýrslur um þá karla sem fengu kransæðastíflu í fyrsta sinn á tímabilið 1968–1975 og lifðu hana af. Í ráði er að birta algengi og nýgengi hjartasjúkdóma innan þessa karlahóps.



Dr. Gunnar Sigurðsson

# Dauðsföll af völdum kransæðasjúkdóma á Íslandi 1951-1976.

*Flytjandi: Bjarni Þjóðleifsson læknir á Landsspítala.*



*Bjarni Þjóðleifsson*

Við athuganir á dánarskýrslum á árunum 1951 – 1976 er sýnilegt að mikil aukning varð á kransæðasjúkdómum sem skráðu dánarmeini hjá öllum aldursflokkum karla á þessu tímabili. Óveruleg aukning varð hins vegar hjá konum. Um leið og dánartíðni af völdum kransæðasjúkdóma eykst minnkar dánartíðni af völdum svokallaðrar negghrörnunar (myocardial degeneration) og er það talið vera vegna breyttra greiningaraðferða. Þegar þetta er tekið með í reikninginn og öll kurl koma til grafar verður ljóst að dánartíðni af völdum kransæðasjúkdóma hjá körlum yngri en 70 ára hafði aukist um allt að 150%. Má þetta kallast faraldur. Hjá körlum 70–79 ára var um 40%

aukning en engin breyting var hjá körlum eldri en 80 ára. Hjá konum var engin marktæk breyting ef litið er á allt tímabilið.

Ef athuguð eru sérstaklega síðustu 4–5 árin kemur í ljós lítilsháttar lækkun hjá konum og körlum yngri en 70 ára. Gefur þetta bendingu um að dánartíðni af völdum kransæðasjúkdóma sé komin í hámark og e.t.v. megi vænta þess að sjúkdómurinn láti undan síga á næstu árum ef öllu verður til skila hælið.

Á árunum 1971–1976 dóu að meðaltali 250 karlar árlega úr kransæðasjúkdómum og þar af voru 115 undir sjötugsaldri. Samsvarendi tölur fyrir konur eru 139, þar af 27 undir sjötugsaldri.

## Blóðþrýstingur íslenskra karla og

**kvenna.** *Flytjandi: Nikulás Sigfússon yfirlæknir á Rannsóknarstöð Hjartaverndar.*

Í hóprannsókn Hjartaverndar á körlum og konum á árunum 1967–1969 voru könnuð m.a. nokkur atriði sjúkrasögu þátttakenda með tilliti til háþrýstings. Var þetta gert með stöðluðum spurningalista og blóðþrýstingur mældur tvívegis hjá hverjum þátttakenda með um það bil 10 daga millibili. Þátttakendur voru rúmlega 5000 manns á aldrinum 34–61 árs.

Helstu niðurstöður voru: Efra gildi blóðþrýstings karla vex að meðaltali úr um 130 mm Hg (þ.e. millimetrar kvikasilfurs) í um 150 mm Hg á aldursbilinu en neðra gildi úr um 84 mm Hg í um 93 mm Hg. Efra gildi blóðþrýstings kvenna vex að meðaltali úr um 125 mm Hg í um 154 mm Hg á aldursbilinu en neðra gildið úr um 79 mm Hg í 92 mm Hg.

Algengi háþrýsings meðal karla samkvæmt skilmerkjum Alþjóðaheilbrigðisstofnunar fer vaxandi á aldursbilinu úr um 13% í um 44% en meðal kvenna úr um 3% í um 45%.


Meðalblóðþrýstingur, bæði efri og neðri mörk, svo og algengi háþrýsings meðal íslenskra karla er mjög svipaður og gerist meðal nágrannaþjóða okkar.

Um það bil helmingur kvenna sem greindur var með háþrýsting vissi um hann fyrir skoðun en um fjórðungur karla. 352 karlar höfðu háþrýsting samkvæmt báðum blóðþrýsingsmælingunum eða voru undir læknishendi vegna háþrýstings. Af þeim sem voru undir læknishendi voru 20 með eðlilegan blóðþrýsing en 40 með hækkaðan blóðþrýsing þrátt fyrir meðferð.



*Nikulás Sigfússon*

## Nokkur félagsfræðileg atriði úr könnun Hjartaverndar með tilliti til hjartasjúkdóma. Ólafur Ólafsson landlæknir.



Ólafur Ólafsson

Höfundur þessa erindis, Ólafur Ólafsson landlæknir, forfallaðist á síðustu stundu vegna veikinda og gat því ekki flutt mál sitt á ráðstefnunni. En inntakið úr erindi hans er á þessa lund:

Í hóprannsókn Hjartaverndar 1967-'68 á 2.203 körlum búsettum á Reykjavíkursvæðinu voru könnuð ýmis félagsfræðileg atriði með stöðluðum spurningalista, svo sem búseta, atvinna, fyrri störf, lengd vinnutíma, húsakynni, menntun o.fl.

Algengi kransæðasjúkdóma og heildardánartíðni var borin saman í tveim hópum, annars vegar þeim er svöruðu nokkrum þessara spurninga jákvætt og hins vegar þeim er

svöruðu neikvætt.

Spurningar voru þessar: 1) Reykið þér sigarettur nú? 2) Ef þér reykið ekki sigarettur nú, hafið þér þá nokkurn tíma reykt þær að staðaldri? 3) Finnst yður núverandi starf andlega erfitt? 4) Hafið þér unnið aukastörf a.m.k. 10 klst á viku s.l. 5 ár? 5) Eru þér atvinnurekandi eða stjórnandi fyrirtækis? 6) Hafið þér stundað eða stundið þér nokkrar íþróttir eða líkamsæfingar reglulega? 7) Hafið þér mannaforráð?

Í þessum samanburði voru þátttakendur einnig flokkaðir í 5 aðalflokka eftir núverandi atvinnu.

Skýrt verður frá helstu niðurstöðum sem byggðar verða á svörum þátttakenda.

## Flutningur kransæðasjúklinga í Reykjavík. Rannsóknir læknanna Sigurðar Guðmundssonar og Þórðar Harðarsonar

*Flytjandi: Dr. Þórður Harðarson yfirlæknir á Borgarspítala.*



Dr. Þórður Harðarson

Kannaðir voru flutningar 276 sjúklinga (204 karla og 72 kvenna) með bráða kransæðastíflu á Borgarspítalann í Reykjavík árin 1972-1975. Miðgildi (median) heildartafar, þ.e. þess tíma sem líður frá byrjun einkenna hjá sjúklingi til komu á sjúkrahúsið, var 4 klukkustundir og 20 mínútur. Þessi bið eða töf hefur styst verulega frá fyrri rannsóknum á Landsspítala og Borgarspítala. Sjúklingstöf, þ.e. sá tími sem líður frá byrjun einkenna þar til sjúklingur ákveður að leita sér hjálpar, var 1 klukkustund og 15 mínútur. Miðgildi (median) sjúklingstafar karla var 1 klukku-

stund en kvenna 2 klukkustundir. Miðgildi sjúklingstafar fór vaxandi með hækkandi aldri, þ.e. eldra fólki leitaði hjálpar seinna. Þessi töf varð lengst að næturlagi að vetri til og ef sjúklingur veiktist heima. Miðgildi sjúklingstafar var langlengst árið 1972, 3 klukkustundir, en svipað seinni árin, miðgildi þá 55 mínútur til 1 klukkustund og 20 mínútur. Töf reyndist lengst hjá þeim sjúklingum sem óljós einkenni höfðu í byrjun, skemmst þegar einkenni byrjuðu með yfirlíði. Töf var ekki styttri hjá þeim sem fengið höfðu áfall eða einkenni áður. Þeir sem aldrei höfðu fengið kransæðastíflu

leituðu sér fyrr hjálpar en þeir sem höfðu fengið sjúkdóminn áður. Blóðþrýstingsfall og hjartastopp í sjúkralegu tengdust styttri töf.

Miðgildi (median) læknistafar, þ.e. þess tíma sem leið frá því að læknir var tilkvaddur og þar til hann ákvað að leggja sjúklinginn inn, reyndist 35 mínútur, en í fjórðungi tilvika voru læknar 2 klukkustundir eða lengur að ákveða innlögn sjúklings.

Miðgildi sjúkrabilstafar reyndist


20 mínútur. Þrjátíu manns (9.1%) voru endurlífgaðir en af þeim komu tíu á sjúkrahúsið í hjartadá. Með sérstökum hjartabil má stytta heildartöf sem nemur læknistöf og a.m.k. hálfri töf sjúkrabils. Hjartabil þyrfti að hafa aðsetur við spítala svo sjúklingur komist sem fyrst undir læknishendur.

Stytta má sjúkratöf með fræðslu og áróðri. Kenna þarf endurlífgun þeim aðilum sem mest þurfa á slíkri þjálfun að halda.

## Kransæðasjúkdómar, framtíðarviðhorf.

*Flytjandi: Snorri Páll Snorrason yfirlæknir á Landsspítala.*

Fyrirlesari rakti í stórum dráttum þróun og tíðni kransæðasjúkdóma hér á landi. Hafði svo verið ráð fyrir gert að mál hans yrði samantekt og undirstrikun á inntaki og niðurstöðum þeirra erinda sem flutt voru á ráðstefnunni. Snorri benti á það með tölum og tilvitnunum í lækna-skýrslur og dánarvottorð að hjartakveisa og kransæðastífla voru næsta fátíðir sjúkdómar fyrir síðari heimsstyrjöld. Það er með lífsháttabreytingum þjóðarinnar í og upp úr stríðinu að tíðni þessara sjúkdóma vex hröðum skrefum svo að eftir 1950 mega þeir kallast faraldur. Aukning hefur ekki orðið allra síðustu árin en samt er ástandið næsta alvarlegt. Þetta eru langmannskæðustu sjúkdómarnir, mannskæðari en margir aðrir sjúkdómar til samans. Hvað er til ráða? Verður snúið til baka?



*Snorri Páll Snorrason*

Er von til að sigrast verði á þessum mannskæða vágasti í nútímaþjóðfélagi? Vissir áhættuþættir hafa fundist eins og bent hefur verið á, sumir þeirra kunna að vera ættingir. Orsakir þekkjast að nokkru. En vonin um færri dauðsföll og minnkandi hættu af völdum sjúkdómsins virðist liggja í fyrirbyggjandi og verndandi aðgerðum. Fólk verður að gera sé grein fyrir hættunni og haga sér í samræmi við þá reynslu og niðurstöður sem fengist hafa. Lífsvenjur, mataræði, hæfileg áreynsla og aðgæsla í sigarettu-reykingum, virðast skipta sköpum þótt erfitt sé að fullyrða eitt eða neitt. Fræðsla og áróður er því mikils virði, rannsóknir, kannanir og samanburður á reynslu og athugunum. Því er ráðstefna eins og þessi þýðingarmikil og þakkarverð.

# Aðalfundur Hjartaverndar 1978

Aðalfundur Hjartaverndar 1978 var haldinn á Hótel Sögu fimmtudaginn 29. júní. Formaður samtakanna dr. Sigurður Samúelsson setti fundinn. Fundarstjóri, var Sveinn Snorrason, fundarritari Stefán Júlíusson. Formaður minntist í upphafi frá Sigrúnar Ísaksdóttur sem lést sviplega 8. júní 1978. Hún hafði verið ágætur starfsmaður Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar frá því stöðin tók til starfa árið 1967. Risu fundarmenn úr sætum til minningar um Sigrúnu.

Þá rakti formaður helstu framkvæmdir samtakanna. Um starfsemi Rannsóknarstöðvar vísaði hann til skýrslu yfirlæknisins sem dreift var fjölritaðri meðal fundarmanna og birt er hér fremst í ritinu. Hann skýrði frá því að draga hefði orðið úr starfsemi stöðvarinnar vegna verðhækkana á miðju fjárhagsári og lægra framlags úr ríkissjóði en búist hefði verið við. Varð þetta þess valdandi að segja þurfti upp starfsfólki á stöðinni, alls 4 í hálfu starfi, og minnka stöðu annars læknisins verulega. Þetta urðu framkvæmdastjórn sár vonbrigði. Þá gat formaður þess að samþykkt hefði verið að færa skrifstofu samtakanna úr Austurstræti 17 í Lágmúla 9 þar sem 3. hæð hússins yrði laus úr leigu á komandi hausti. Formaður þakkaði öllu starfsfólki og velunnurum Hjartaverndar áhuga og gott starf í þágu sam-

takanna og bauð Stefán Júlíusson velkominn til starfa en hann hóf störf við ritstjórn, útgáfu- og félagsstörf á miðju starfsárinu eða 1. sept. 1977.


Nikulás Sigfússon yfirlæknir lagði fram ársskýrslu Rannsóknarstöðvar sem fyrir en getið og benti á helstu atriði hennar.

Jóhann H. Niésson las endurskoðaða reikninga samtakanna í fjarveru Hjördísar Kröyer. Niðurstöðutölur á rekstrarreikningi voru kr. 73.387.572. Tekjuafgangur var kr. 364.104. Niðurstöðutölur á efnahagsreikningi voru kr. 82.769.753.

Reikningunum var dreift fjölrituðum meðal fundarmanna og vísast að öðru leyti til þeirra. Þeir voru samþykktir samhljóða.

Úr aðalstjórn áttu að ganga að þessu sinni 5 menn: Benedikt Gröndal, Bjarni Guðbjörnsson, Ólafur Sigurðsson, Stefán Júlíusson og Þórarinn Þórarinsson. Voru þeir allir endurkjörnir til þriggja ára. Í varastjórn voru endurkjörnir til eins árs þeir Eyjólfur Tómasson, Knútur Höiriis, Páll Sigurðsson, Sveinn Guðmundsson og Þórður Harðarson. Endurskoðendur voru kjörnir þeir Haukur Þorleifsson og Ólafur Jónsson, varaendurskoðandi Bjarni Bjarnason.

Að loknum föstum dagskrárliðum urðu allmiklar umræður um starfsemi



## Þarftu að kaupa íbúð, eða stækka við þig?

IB lánakerfið auðveldar fólk þessa hluti. Mánaðarlegur sparnaður þinn tryggir rétt til lántöku. Kerfið er sveigjanlegt og ætti að falla að fjárförf og sparnaðargetu hvers og eins.

En það krefst fyrirhyggju. Hvað þarftu mikið fé? Hvenær? Hvað geturðu sparað mikið í hverjum mánuði? Allt þetta verður þú að skoða ofan í kjöllinn.

Kynntu þér IB lánakerfið, ræddu við IB ráðgjafana.



Banki þeirra sem hyggja að framtíðinni  
**Íslandsbankinn**  
Aðalbanki og útibú

Hjartaverndar almennt og helstu viðfangsefni. Kom þar niður tal manna að áhrifaríkara og gagnlegra væri fyrir framgang hugðarefna samtakanna að aðalfundur væri fjölmennari en raun bæri vitni og í tengslum við hann væri haldin ráðstefna um heilsufarsefni. Niðurstaða þessara umræðna varð sú að samþykkt var að beina því til framkvæmdastjórnar að hún legði fram tillögu til lagabreytinga fyrir næsta aðalfund þess efnis að fjárhagsár samtakanna skyldi vera frá 1. júlí til 30. júní í stað 1. febrúar til 31. mars og að aðalfund skyldi halda fyrir lok októbermánaðar í stað fyrir lok júnímánaðar. Leit fundurinn svo á að haustið væri heppilegasti tími til ráðstefnuhalds í tengslum við aðalfund.

Framkvæmdastjórn Hjartaverndar skipa nú þessir menn: Sigurður Samúelsson formaður, Davíð Davíðsson, Helgi Þorláksson, Jónas Haralz og Stefán Júlíusson. Varamenn: Snorri Páll Snorrason varaformaður og Bjarni Guðbjörnsson. Varamenn eru boðaðir á framkvæmdastjórnarfundi og taka þátt í störfum með aðalmönnum.

# Reykingar og hjarta- og æðasjúkdómar

## Inngangur.

Reykingar hafa verið tíðkaðar býsna lengi. Þannig skýra Plinius, Heródótos o.fl. frá reykingum á ýmsum efnum, m.a. þurrkaðri kúamykju en þær þóttu góðar við þunglyndi.


Reykingar á tóbaki eru hins vegar taldar upprunnar meðal Indiána í Ameríku eins og kunnugt er. Sagt er að fyrsti Evrópumaðurinn sem reykti tóbak hafi verið Rodrigo de Jarez, einn af sjómönnum Columbusar. Þegar konan hans sá hann vefja tóbaksblöð saman og reykja þau hélt hún að maður hennar væri á valdi djöfulsins og gerði rannsóknarréttinum viðvart. Rétturinn var henni sammála og dæmdi Rodrigo í 10 ára fangelsi. Þegar hann kom út þóttu reykingar ekki lengur ámælisverðar á Spáni og var Rodrigo de Jarez síðar meir reist stytta er stendur í Sevilla.

Reykingar breiddust skjótt út um hinn gamla og nýja heim þrátt fyrir harkalegar aðgerðir yfirvalda í ýmsum löndum til að stemma stigu við þeim. Má þar nefna að Murad IV (á 17. öld) tyrkjasoldán lagði dauðarefsingu við reykingum. Fyrirennari hans hafði þó látið þá refsingu nægja, að gera gat á nef sökudólgsins, þræða þar í gegn reykjarpípuna og láta hann þannig skreyttan ríða öfugan á asna um götur borgarinnar.

Urban páfi VIII. varð svo hneykslaður á reykingum kirkjugesta að hann fordæmdi allar reykingar 1642 og lét bannfæra þá er brotlegir gerðust.

Árið 1634 var gefin út tilskipun í Rússlandi er bannaði reykingar, en viðurlög voru að nefið var skorið af, menn hýddir og reknir í útleð.

Öll þessi boð og bönn urðu þó til lítils er til lengdar lét enda var það trú margra að lækningamáttur væri í tóbaksjurtinni. Það voru einkum



Mynd 1. Kransæðar hjartans.

læknarnir Leibault og Gohory í París og Nomartes í Sevilla er héldu fram lækningagildi tóbaksins og rit þeirra dreifðust um alla Evrópu á 16. öld.

Sígarettureykingar eru taldar upprunar í Mexico. Á Spáni voru það einkum konur er reyktu. Eftir Krímstríðið komust sigarettur í tísku í Bretlandi og um 1860 var farið að framleiða sigarettur í stórum stíl í Norður-Ameríku. Var það James Buchanan Duke er beitti nútímalegri auglýsingatækni til að venja menn á sigarettureykingar þar í landi.


### Samband hjarta- og æðasjúkdóma og reykinga.

Það var fyrst á fjórða tug þessarar aldar að grunsemdir tóku að vakna um að eitthvað samband væri milli reykinga og hjartasjúkdóma. Athugun White árið 1935 á 21 karli innan við fertugt sem fengið höfðu kransæðastíflu sýndi að allir voru reykingamenn.

English og samstarfsmenn athuguðu reykingavenjur hjá 1.000 sjúklingum með kransæðasjúkdóm árið 1940 og komust að því að mark-tækt fleiri stórreykingamenn voru meðal sjúklinganna en í samanburðarhóp.


Það eru þó fyrst og fremst viðtækar hóprannsóknir sem undanfarna 2-3 áratugi hafa verið gerðar víða um heim sem hafa aukið þekkingu okkar á sambandi hjarta- og æðasjúkdóma og reykinga. Mikilvægastir þessara sjúkdóma eru kransæðasjúkdómar, svo sem hjartakveisa (angina pectoris) og kransæðastífla (infartus myo-cardii) (Mynd 1, Mynd 2).

Í stuttu máli hefur niðurstaða þessara rannsókna orðið sú, að jákvæð fylgni hefur fundist milli reykinga og kransæðastíflu, reykinga og kransæðapregsla (coronary




Nokkur kransæðapregsla vegna fitu-útþellinga í æðavegg.


Nær algjör lokun vegna fitu- og kalk-útþellinga.



Blæðing í fituúthellingu aðeins mjó rita opin



Algjör stífla vegna blóðtappa, en æðin þröng fyrir vegna fitu- og kalkútþellinga.



Bandvefsmýndun í blóðtappanum.



Nokkur endurmyndun á holrúmi æðarinnar getur átt sér stað.

Fra "The CIBA Collection of medical Illustrations" Frank H. Netter, M.D.

Mynd 2. Kransæðapregsla og kransæðastífla á mismunandi stigum.

heart disease) og stundum milli reykinga og hjartakveisu.


Fram hefur komið að áhætta sigarettureykingamanns að deyja úr kransæðasjúkdóm er 1.5-2 sinnum meiri en þeirra sem ekki reykja. (Mynd 3) Þessi áhætta er mest meðal karla á aldrinum 35-44 ára en þá er hún meiri en fimmföld (5,5) en minnkar með aldri og er orðin jöfn milli reykingamanna og þeirra sem ekki reykja eftir 75 ára aldur.

Einnig skal þess getið að jákvæð fylgni er milli útbreiðslu kransæða-

kölkunar og þess sigarettufjölda er menn reykja. Þannig kom í ljós í einni rannsókn að æðakölkun var helmingi meiri meðal þeirra er reyktu 25 sigarettur á dag en meðal þeirra er ekki reyktu.

### Hvernig verka reykingar á æðakerfið?

Efnasamsetning tóbaksreyks er talsvert breytileg eftir tegund tóbaks, hvernig það er verkað og hvernig það er reykt. Geysilegur



Fjöldi sigarettanna á dag

Mynd 3. Hlutfallsleg dánartíðni úr kransæðasjúkdóm við mismunandi miklar sigarettreykingar.

(Framingham)

